

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í desembermánuði 1990.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í desembermánuði 1990 verið ákveðið sem hér segir:

1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: Innborgun 3,9%
2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: Innborgun 3,9%

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. nóvember 1990.

Haldór Ásgrímsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ

um Skákskóla Íslands.

I. KAFLI

Hlutverk og stjórn skólans.

1. gr.

Skákskóli Íslands starfar á vegum Skáksambands Íslands og í samvinnu við menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Hlutverk skólans er að annast skákkennslu og að efla vöxt og viðgang skáklistarinnar á Íslandi. Það gerir hann m.a. með því að:

- reka skákskóla í höfuðstöðvum Skáksambands Íslands,
- halda námskeið í skák á landsbyggðinni í samvinnu við skóla og taflfélög,
- efna til fjöltefla í samvinnu við félagasamtök og skóla og eftir óskum þeirra,
- standa fyrir skákbúðum að sumarlagi eftir því sem tilefni gefst til og aðstæður leyfa í samvinnu við ýmsa aðila,
- skipuleggja skákstarf í grunnskólum í samvinnu við skólana,
- hafa ásamt Skáksambandi Íslands umsjón með „Skólaskák“ og þátttöku grunnskólanema í keppnum erlendis.

3. gr.

Skólastjórn Skákskólans er skipuð þremur aðilum til þriggja ára í senn. Menntamálaráðherra skipar einn og Skáksamband Íslands tvo, þar af annan í samráði við Félag íslenskra stórmeistara. Þóknun til skólastjórnar greiðist af Skákskólanum.

Skólastjórnin skal m.a.:

- ráða skólastjóra,
- gera fjárhagsáætlun fyrir skólann í upphafi skólaárs í samráði við skólastjóra,
- ákveða skólagjöld (námskeiðsgjöld),
- samþykkja ráðningu kennara eftir tillögum skólastjóra,
- ákveða námsframboð og starfsáætlun í upphafi skólaárs eftir tillögum skólastjóra.